

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Árborg.

Tryggvagata 15 á Selfossi, breyting á gildandi deiliskipulagi.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti 13. desember 2023, í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, breytingu á gildandi deiliskipulagi sem tekur til lóðarinnar Tryggvagötu 15 á Selfossi.

Breytingin nær til nyrsta hluta sundhallarreits. Meginbreytingin felst í að gert er ráð fyrir að heimilt verði að byggja tvær hæðir, í stað einnar auk þess sem lóðarmörk breytast óverulega.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð samkvæmt 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Selfossi, 8. mars 2024.

F.h. bæjarstjórnar,

Rúnar Guðmundsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 8. mars 2024